

Fundargerð

34. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í D-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 18. febrúar 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt var frestun MÍ 11-14 ára sem rafrænt erindi á milli funda. Fundargerð frá fundi 32 samþykkt en 33 frestað.

2. Frjálsíþróttaping 2020 í Hafnarfirði 27.3-28.3

Rætt og farið yfir gátlistann. Ritari, framkvæmdastjóri og formaður höfðu gengið frá atriðum í samræmi við listann sbr. síðasta fund. Umræður um embætti og verkefni á þinginu. Ákveðið að kalla saman Hafnfirðingana sem sjá um þjónustu á starfsfund.

3. Nordic Congress

Undirbúningur fyrir 5.3 – 6.3. í fullum gangi. Umræða hefur komið upp um frestun frá Dönum, en ekki verið ákveðið að fresta.

4. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir uppgjöri 2019, Ársreikning 2019. Mun liggja fyrir til samþykktar á næsta stjórnarfund. Lagður fram listi um viðskiptakröfur.

5. Þjóðarleikvangur

Staðan er óbreytt. Beðið er eftir samanburðargögnum frá KKÍ og HSÍ. Engin viðbrögð að sinni úr stjórnslu.

6. Önnur mál

- Meistaramót 11-14 ára. Ný dagsetning 14.-15. mars. Leitað að samstarfsaðila.
- Meistaramót í götuhlaupum. Rætt um röðun á einstaka hlaupum skv. tillögu.
- Meistaramót í 5.000 og 10.000 á braut. Starfshópur telur að festa eigi niður dagsetningar á hlaupunum þegar samstarfsaðilar og aðildarfélög hafa staðfest.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að rætt var um ástandið í Wuhan.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.